



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/95

Alþingi
Erindi nr. P 131/1710
komudagur 28.4.2005

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
samgöngunefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.


26. apríl 2005

Efni: **Um þingsályktunartillögu um rásir fyrir búfenað til að koma í veg fyrir slys, 245. mál.**

Samgöngunefnd Alþingis óskaði með bréfi, dags. 19. þ.m., eftir sjónarmiðum Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) til ofangreinds þingmáls. Eftirfarandi atriðum skal hreyft af því tilefni:

Þrátt fyrir ákvæði vegalaga nr. 45/1994 um bann við lausagöngu búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin, hefur búfé á vegum iðulega skapað hættu fyrir umferð og beinlínis stuðlað að slysum. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni birtir flutningsmaður töflu um slysatíðni af þessu tagi hér á landi á árunum 1994 til 2003, sem byggð er á tölum frá Umferðarstofu. Þessar tölur sýna ótvírætt, að hér er um mikinn vanda að ræða, og það sem verra er að slysum og umferðaróhöppum vegna lausagöngu búfjár hafa u.þ.b. fjórfaldast á þessu 10 ára tímabili. Af hálfu SÍT hefur lauslega verið kannað, hver þróunin í þessum efnum var á árinu 2004, og sýnist sem ekki sé um fjölgun slysa/óhappa á því ári miðað við 2003. Ljóst er, að afar brýnt er að takmarka sem kostur er umferðarslys af völdum búfjár, og ef vel á að vera þyrfti að setja upp girðingar meðfram nánast öllum vegum utan þéttbýlis, þar sem búfé er haldið. Vel kann að vera, að sú lausn, sem flutningsmaður leggur til, þ.e. að gerðar verði sérstakar rásir fyrir búfenað undir vegi þar sem girt er meðfram vegum en bithagar eru beggja vegna, kunni að flýta að einhverju marki fyrir því, að gripaheldum girðingum meðfram vegum landsins fjölgi. Í því ljósi er hér um áhugaverða tillögu að ræða.

Virðingarfyllst,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson